

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL • 107 REYKJAVÍK • SÍMAR 91-29899, 630325, 630300 • KT. 710169-3579



Stofnað 1949

## 5. fundur stjórnar L.H. haldinn í Bændahöllinni í Reykjavík þriðjudaginn 17. maí 1994 kl. 14:00.

Mættir voru: Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Halldór Gunnarsson, Sigfús Guðmundsson, Jón Bergsson, Sigbjörn Björnsson, Kristmundur Halldórsson, Kristján Auðunsson, Stefán Erlingsson, Sigurgeir Bárðarson og Sigurður Þórhallsson framkvæmdastjóri L.H.

Guðbrandur setti fund og bauð fundarmenn velkomna þar sem Guðmundur formaður var ókominn í upphafi fundar.

### 1. Reiðvegaáætlun, skil á gögnum.

Miðvikudaginn 4. maí 1994 var haldinn fundur í húsakynnum Vegagerðar ríkisins um reiðvegamál og var tilefnið að kynna vinnu Sigriðar Sigþórsdóttur arkitekts fyrir umdæmisverkfræðingum Vegagerðarinnar. Allir umdæmisverkfræðingarnir ásamt aðstoðarvegamálastjóra mættu á fundinn en frá L.H. mættu: Guðmundur Jónsson, Guðbrandur Kjartansson, Kristján Auðunsson og Sigurður Þórhallsson. Einnig mætti á fundinn Sigriður Sigþórsdóttir. Guðbrandur kynnti helstu niðurstöður fundarins. Þær eru einkum tvíþættar.

- 1) Efla og endurskipuleggja þarf samstarfsnefndir Vegagerðarinnar og Landssambandsins.
- 2) Finna þarf áframhaldandi starfsgrundvöll fyrir skipulagsvinnu á sviði reiðvegamála, hverju nafni sem hún nefnist.

Af þessu er ljóst að L.H. verður að vinna ötullega að málínun næstu misseri með því að þrýsta á sveitarstjórnir og ríkisvald um fjárveitingar til þessa málaflokks. Í umræðum kom fram að L.H. og Vegagerðin þurfa að semja sín á milli um hvernig reiðvegauppgögingin fer fram og hvernig að henni skuli staðið í náinni framtíð.

Næstu skref L.H. í reiðvegamálum eru eftirfarandi samkvæmt umræðum fundarins.

- 1) Treysta þarf stöðu trúnaðarmanna L.H. í umdæmum Vegagerðarinnar og finna farveg fyrir samstarf þeirra og umdæmisverkfræðinganna.
- 2) L.H. þarf að kynna reiðvegamálin fyrir samtökum sveitarfélaga í landinu og óska eftir fjárveitingum og stuðningi við reiðvegagerð.
- 3) Sækja þarf til fjárlaganefndar Alþingis um auknar fjárveitingar til reiðvegagerðar í landinu fyrir næsta fjárlagaár þ.e. 1995.

## **2. Dómnefndir á Landsmóti 1994.**

Frá Dómarafélagi L.H. barst listi yfir nöfn 19 dómara sem félagið leggur til að daemi á Landsmótinu á Gaddstaðaflötum við Hellu 28. júní til 3. júlí n.k. Þar sem Dómarafélagið hefur ekki skipað dómurunum í þá flokka (dómnefndir) sem viðkomandi eiga að starfa í, getur stjórnin ekki tekið afstöðu til dómaralistans á fundinum. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að fá listann og dórnarfndir skipaðar eftir lögum og reglum LH: Þá fyrst getur stjórnin afgreitt af sinni hálfu, dórnarfndir í barnaunglinga, A og B flokks keppni. Miklar umræður urðu um dórmstörf, menntun dómara og samskipti og samstarf Dómarafélagsins og stjórnar L.H. Stjórnin mun á næsta landsþingi L.H. taka þessi mál öll til umfjöllunar og afgreiðslu.

Framkvæmdanefnd LM'94 hefur ekki sent, til stjórnar tilnefningará í kappreiðanefnd mótsins. Sigurði falið að ganga eftir að dórnarfndin verði skipuð hið fyrsta svo stjórnin geti afgreitt málið af sinni hálfu samkvæmt lögum og reglum L.H.

## **3. Störf starfsnefnda.**

Sigurður gerði grein fyrir starfi keppnisnefndar og annarra nefnda sem starfa á vegum L.H. milli landsþinga.

Guðbrandur gerði grein fyrir starfi lyfjanefndar. Fram kom að ákveðið er að lyfjaprófað verður á Íslandsmóti HÍS á komandi sumri.

## **4. Varnaraðgerðir vegna hrossasmitsjúkdóma.**

Sigurður kynnti bréf frá yfirdýralæknir Brynjólfvi Sandholt. Í bréfinu ræðir yfirdýralæknir um nauðsyn þess að koma á samstilltu átaki meðal allra félagasamtaka hestamanna og yfirdýralæknis (landbúnaðarráðuneytis) um auglýsingar og gerð plakata til upplýsinga fyrir hestamenn bæði íslenska og erlenda um hvaða varnir séu helstar í þessum varnar-aðgerðum. Stjórnin tekur heilshugar undir sjónarmið yfirdýralæknis og leggur þessi máli lið þó án nokkurra fjárskuldbindinga. Málið er tilkomið vegna hrossasjúkdómsins hjá Erling Sigurðssyni sem upp kom nú á þessu vori. Yfirdýralæknir óskar eftir fundi með hagsmunaðilum í hestamennsku þar á meðal L.H. um mánaðarmót maí-júní. Stjórnin hvetur sem flesta til að mæta á þennan fund.

## **5. Úthlutun reiðvegafjár 1994.**

Sigfús gerði grein fyrir störfum reiðveganefndar. Nefndin hélt fund 2. maí s.l. Í nefndinni voru Sigfús Guðmundsson, Sigurgeir Bárðarson og Birgir Rafn Gunnarsson. Umsóknir bárust frá 25 hestamannafélögum að upphæð 36 milljónir króna.

Til úthlutunar voru kr. 8.000.000. Nefndin varð sammála um eftirfarandi úthlutun.

	þús. kr.
<b>Blær, Norðf. og Eskif.</b>	200.000
<b>Dreyri, Akranes og nágr.</b>	250.000
<b>Faxi, Borgarfirði</b>	200.000
<b>Feykir, N-Ping.</b>	150.000
<b>Geysir, Rang.</b>	1.200.000
<b>Glófaxi, Vopnafj.</b>	200.000
<b>Gustur, Kópavogi</b>	300.000
<b>Hörður, Mosfellsbæ</b>	800.000
<b>Kópur, V-Skaftafellss.</b>	300.000
<b>Ljúfur, Hveragerði</b>	500.000
<b>Logi, Biskupst.</b>	400.000
<b>Máni, Suðurn.</b>	300.000
<b>Skógarhólar</b>	900.000
<b>Sleipnir, Selfoss og nágr.</b>	1.000.000
<b>Snæfaxi, Pistilf.</b>	150.000
<b>Snæfellingur</b>	50.000
<b>Sóti, Álftanesi</b>	500.000
<b>Stígandi, Skagafirði</b>	150.000
<b>Sörli, Hafnarfirði</b>	300.000
<b>Þytur, V-Hún.</b>	150.000

Samtals kr. 8.000.000

---

Við úthlutun fjárins var reynt að veita sem flestum, er um sóttu einhverja úrlausn á þann veg að framkvæmdir nýtist sem flestum hestamönum. Tillaga nefndarinnar var samþykkt athugasemdarlaust. Nokkrar umræður urðu um greiðslur til félaganna vegna úthlutunar reiðvegafjárins. Kom fram í umræðum að umdæmi Vegagerðarinnar greiða út til félaganna með mismunandi hætti. Stjórnin samþykkti að óska eftir því við þau félög sem fá úthlutað reiðvegafé að þau sendi inn til skrifstofu L.H. greinargerð og yfirlit yfir hvernig framkvæmt hafi verið og kostnaðartölur (yfirlit). Pessi gögn berist til L.H. fyrir áramót hverju sinni, árituð af fulltrúa Vegagerðar, formanni viðkomandi félags og trúnaðarmanni L.H. á viðkomandi svæði.

## 6. Keppnisréttur.

Kristján Auðunsson tók upp mál vegna Erlings Sigurðssonar og keppnisréttar hans. Það er vegna sérstakrar aðstæðna sem upp komu vegna sjúkleika í hrossum hans. Pau eru í einangrun og verða það eitthvað um sinn. Erling hefur verið félagi í Fáki og Herði um árabil, nú síðustu misseri aðalfélagi í Fáki. Vegna sóttvarnarástæðna er honum ekki heimilt að keppa á hrossum sínum um Hvítasunnuna hjá Fáki. Pess vegna hefur hann óskar eftir því að gerast aðalfélagi í Herði þetta keppnisréttartímabil. Útlit mun vera fyrir að hestar hans losni úr sóttkví

áður en gæðingakeppni Harðar fer fram. Þar kom fram að, Erling hefur ekki tekið þátt í gæðingakeppni hjá Fáki í ár og að því leyti uppfyllir hann skilyrði þess að gerast aðalfélagi í Herði hvað það varðar. Hins vegar ber mönnum að ákveða um áramót það félag sem þeir eru aðalfélagar í og tilkynna um breytingar þar á. Þetta er ekki uppfyllt, en í ljósi hinna sérstöku aðstæðna sem eru í þessu máli mun stjórn L.H. ekki gera athugasemdir við það að stjórn Harðar samþykki aðild Erlings að Herði.

### Önnur mál.

- a) Sigurður greindi frá því að ca. 100 hestamenn taki þátt í opnun þjóðhátíðar á Pingvöllum 17. júní. Hestamennirnir verða valdir úr félögum vestan Heiðar og úr vesturhluta Árnessýslu.
- b) Guðmundur greindi frá því að þjóðhátíðarnefnd hefði farið fram á afnot af Skógarhólum vegna þjóðhátíðar. Hafði hann veitt samþykki sitt fyrir þessu og hefði verið óhægt um vik að hafna þessari beiðni.
- c) Sigfús Guðmundsson hóf umræðu um að skoða rekstur og mannahald á skrifstofu L.H. með tilliti til sparnaðar í rekstri eða á hinn veginn að afla verkefna sem gæfu L.H. tekjur. Stjórnarmenn ræddu málin á breiðum grundvelli og kom fram í umræðunum að eðlilegt sé að þessi mál verði skoðuð nánar. Þessi mál koma nú upp ekki síst vegna þess að þjónusta skrifstofunnar við HÍS fer stöðugt minnkandi þar sem þau samtök hafa komið á fót eigin skrifstofuhaldi inni í Laugardal. Fundurinn tilnefndi Guðmund, Guðbrand og Sigfús til að gera úttekt á rekstri og mannahaldi skrifstofunnar og leggja niðurstöður hennar fram á fundi stjórnarinnar með haustinu.
- d) Jón Bergsson skýrði frá því að fundur hefði verið haldinn á Austurlandi vegna FM'95.

Halldór Gunnarsson

Guðbrandur Kjartansson

Sigbjörn Björnsson

Sigfús Guðmundsson

Guðmundur Jónsson

Jón Bergsson

Kristján Auðunsson

Sigurgeir Bárðarson